

## Fundargerð 1. fundar starfshóps um skóla í Skarðshlíð

Fundardagur: 28. janúar 2016  
Fundarupphaf: Kl. 16:00  
Staðsetning: Bæjarráðssalur

Mætt: Adda María, Einar Birkir, Guðvarður, Jenný, Magnús, Rósa, Sigríður (varamaður), Sigrún, Sigurður og Vigfús.

Mál sem voru rædd á fundinum:

### 1. mál: **Aðilar í starfshópnum.**

Eftirtaldir aðilar hafa verið tilnefndir í starfshóp um skóla í Skarðshlíð

- Þrír fulltrúar fræðsluráðs (sem jafnframt mynda stýrihóp ásamt sviðsstjóra):  
Rósa Guðbjartsdóttir, formaður  
Einar Birkir Einarsson  
Adda María Jóhannsdóttir
- Magnús Baldursson, sviðsstjóri fræðslu- og frístundapjónustu.
- Jenný D. Gunnarsdóttir, þróunarfulltrú leikskóla.
- Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla.
- Fulltrúi umhverfis- og skipulagsþjónustu: Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri.
- Fulltrúar stjórnenda leik- og grunnskóla: Lars Imsland og Sigrún Kristinsdóttir.
- Fulltrúi foreldra leikskólabarna: Guðvarður Ólafsson.
- Fulltrúi foreldra grunnskólabarna: Eva Dís Þórðardóttir.

### 2. mál: **Tímaplan fyrir skólabyggingu.**

Umræður um tímasetningu aðgerðaáætlunar fyrir byggingu nýs skóla. Talið að slíkt væri ekki mögulegt fyrir en ljóst sé hvers konar skóla sé um að ræða, s.s. hvort um leik- og/eða grunnskóla, hvar og hvaða lausar kennslustofur væru þörf á endanlegum stað í samhengi við endanlega staðsetningu skólabyggingar. Talið er að umræddur skóli sé á milli þess að vera tveggja og þriggja hliðstæðna skóla, þ.e. nemendafjöldi til framtíðar nálægt 600-650.

Tillaga um að skoða Dalsskóla í Reykjavík. Lagt til að það væri gert fljótlega, helst strax eftir hádegi dag einn í næstu viku. Þriðjudagur nefndur sem heppilegur dagur en það ræðst af möguleikum frá stjórnendum Dalskóla.

Sigurður víkur af fundi kl. 16:30.

**3. mál: Stefna í faglegri uppbyggingu skóla.**

Umræða um hvort og þá hve mikið ætti að leggja faglegar áherslur í uppbyggingu nýs skóla. Engar ákvarðanir teknar en bent sérstaklega á tónlistaráherslur sem séu áhugaverðar í slíkum skóla, t.d. með aðstöðu sem væri útibú frá TH fyrir nemendur á Völlunum. Einnig var bent á möguleika starfsfólk nýs skóla að móta inntak hans sjálft og sömuleiðis að fylgja ekki um of þeim áherslum sem séu í Hraunvallaskóla (opin rými) til að búa til breytileika á Völlunum.

**4. mál: Önnur mál.**

Önnur mál sem voru rædd á fundinum:

- a. Rætt um fundardaga og tíma fyrir þennan hóp. Lagt til að fundir hópsins verði áfram á fimmtudögum á þessum tíma. Ekki lagst gegn því.
- b. Fulltrúi foreldra grunnskólabarna tjáði áhuga foreldra á Völlum á að fá fulltrúa af Völlum í starfshópinn. Tilnefning nýs fulltrúa foreldra grunnskólabarna berst fyrir næsta fund.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 4. febrúar kl. 16:15.

Fundarslit kl. 16:45.

Ritun fundargerðar: Vigfús Hallgrímsson